# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

# MENNINGAR- OG TÓMSTUNDARÁÐS

# HÚNAÞINGS VESTRA

Mánudaginn 17. September 2012 kl. 9 kom Menningar- og tómstundaráð Húnaþings vestra saman til 107. fundar í Ráðhúsinu á Hvammstanga. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Málefni íþrótta- og tómstundafulltrúa.
2. Skypefundur með framkvæmdastjóra Elds í Húnaþingi.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir skipun í Ungmennaráð Húnaþings vestra, kosnir hafa verið: Fyrir Gunnskóla Húnaþings vestra, Kolbrún Erla Gísladóttir og varamaður Lilja Karen Kjartansdóttir, fyrir hönd Framhaldsdeild FNV á Hvammstanga, Guðrún Helga Magnúsdóttir, Ragnar Bragi Ægisson og varamenn Guðmundur Bjarki Ólafsson og Guðmundur Kjartan Gíslason, fyrir hönd Æskulýðsstarf kirkjunnar á Hvammstanga, Aníta Hrund Hjaltadóttir og varamaður Viktor Ingi Jónsson, fyrir hönd USVH, Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir. Íþrótta- og tómstundafulltrúi lagði einnig fram bréf frá nemendum í dreifnámi frá FNV á Hvammstanga þar sem þau óska eftir afslætti eða niðurgreiðslu vegna kaupa á kortum í Íþróttamiðstöðina á Hvammstanga.Ráðið hvetur til að málið fái jákvæða afgreiðslu og komi til framkvæmda sem fyrst. Fór einnig yfir málefni tengd Íþróttamiðstöðinni.
2. Skypefundur með Hrund Jóhannsdóttur þar sem hún fór yfir framkvæmd Elds í Húnaþingi 2012. Ráðið þakkar framkvæmdastjórum og nefndinni fyrir frábæra hátíð og vel unnin störf.
3. Formaður ráðsins ræddi um drög að menningarstefnu Húnaþings vestra og ákveðið að taka fyrir á næsta fundi.

Fundargerði upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:20.

Halldór Sigfússon
Guðrún Lára Magnúsdóttir
Pétur Arnarson
Jóna Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Rakel Runólfsdóttir
Guðmundur Ísfeld
Karólína Gunnarsdóttir